

ÁLFTABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Desember 2016

Efnisyfirlit

ÁLFTABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	4
Leikskólinn Álftaborg	4
Greining	5
Viðmiðaramminn	7

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Álfþaborg sem fram fór í desember 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmönnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í desember 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 5. – 21. desember 2016. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN ÁLFÞABORG

Leikskólinn Álfþaborg tók til starfa árið 1968 og er staðsettur við Safamýri 30, 108 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 4 deildir og 87 börn voru á leikskólanum í desember 2016. Yngri börnin eru á Lækjarhvammi og Merkisteini, eldri börnin eru á Hlíðarhvammi og Seljalandi.

Leikskólastjóri er Anna H. Ágústsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Helga Hansdóttir.

GREINING

Styrkleikar:

Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans og starfsfólk er ánægt með áherslur og framkvæmd hennar. Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til foreldra um leikskólastarfið. Starfsþróunarviðtöl eru tekin árlega og leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun starfsmanna. Stjórnendateymi samhæfir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðiþjónustu. Starfsmannahandbók er til á deildum og er uppfærð nýlega.

Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu og samráð er milli leikskólans og grunnskólans í hverfinu um skipulagsdaga. Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu.

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingaleitar. Efniviður, náms- og kennslugögn eru aðgengileg fyrir starfsfólk.

Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum. Unnið er markvisst með heimamenningu barna.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning.

Reglur eru skýrar og börnin þekkja þær vel. Börnin eru þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við. Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans.

Tækifæri til umbóta:

Einkunnarorð/gildi leikskólans verði sýnilegri í leikskólanum. Gera þarf námsviðunum; læsi, sjálfbærni og vísindi og sköpun betur skil í skólanámská, tilgreina markmið og leiðir og innleiða þau í starfið.

Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar endurspeglar í stefnu og starfi leikskólans.

Stjórnendateymi fylgist markvisst með hvernig gengur að vinna að stefnunni með reglulegum fundum og innra mati.

Að stjórnendateymi fylgist markvisst með námi og starfi í leikskólanum og veiti starfsfólki endurgjöf. Stjórnendur afli upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna. Allt starfsfólk undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu. Starfsfólk fái samningsbundinn undirbúningstíma.

Skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum við börn og nýti daglegar athafnir til náms og samskipta. Starfsfólk grípi tækifæri sem gefast til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra. Starfsfólk myndi tengsl við börn í gegn um leik.

Gera lýðræði, mannréttindum og jafnrétti skil í skólanámskrá og innleiða það í starfið. Auka lýðræðislega þátttöku barna í vali á viðfangsefnum, í skipulögðum stundum og frjálsum leik. Setja fram áætlun um mat á námi og velferð barna þar sem reglulegar skráningar eru gerðar á framförum þeirra. Börnin verði markvisst hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. Markvisst sé leitað eftir hugmyndum barna og stutt við þær. Börn fái tækifæri til að meta nám sitt,

komi með tillögur að leiðum í eigin námi og setji sér markmið. Að mat á hæfni, námi og velferð barna taki til marga þátta og fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar. Gera þarf verkferla þegar grunur vaknar um frávík hjá barni og fylgja þeim eftir.

Starfsfólk leggi meiri metnað í faglegt starf á deildum og deildarfundir verði haldnir reglulega þar sem viðfangsefni þeirra er börn, nám þeirra og staða.

Að áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglast í verkum og viðhorfum starfsfólks.

Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur. Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimsíðu leikskólans.

Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið. Í greinargerð um innra mat verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Sjá til þess að foreldraráð og starfsfólk taki þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati. Framkvæmd innra mats verði samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og stjórnendur sjái til þess að fjölbreyttari aðferðir verði notaðar við öflun gagna.

Umbótaáætlun verði gerð í starfsáætlun í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.